

Myndband um örارةiti

Umræðupunktur



Ráðleggingar og dæmi um svör við myndbandinu.

1) Hvað er örارةiti? Hverjar eru birtingarmyndir örارةitis?

Örارةiti eða hversdaglegir fordómar eru atvik sem virka sakleykisleg ein og sér og því getur þeim sem ekki upplifa þá endurtekið fundist þeir neitt merkilegir en fyrir þá sem fyrir þeim verða getur þetta orðið mjög þreytandi. Dæmi um örارةiti eru spurningar eins og hvaðan ertu? Nei, hvaðan ertu í alvöru? Að tala ensku við fólk út frá útliti og fl.

Örارةiti er oftast ekki illa meint, heldur höfum við öll einhverjar staðalímyndir sem við höfum lært af samfélaginu. Ef við erum ekki meðvituð um þær, geta þær komið fram í því sem við segjum eða gerum.

2) Í myndbandinu sést hvernig kona er margbitin af moskítóflugum, hvernig tengist það örارةiti? Hvað tákna bitin?

Moskítóbitin sýna hvernig mörg örارةiti safnast upp og geta haft og neikvæð áhrif á einstaklinga, jafnvel þótt hvert og eitt virðist lítið. Það að verða fyrir örارةiti er þreytandi fyrir þá sem upplifað það og getur ýtt undir tilfinninguna að tilheyra ekki.

3) Hvernig getum við dregið úr örارةiti?

Við getum dregið úr örارةiti með því að þekkja birtingarmyndir og afleiðingar þess. Einnig er mikilvægt að vera meðvituð um eigin staðalímyndir og forðast þannig að gefa okkur fyrirfram ákveðnar hugmyndir um fólk. Við getum til dæmis byrjað á því að tala íslensku við alla, óháð útliti, Jafnframt skiptir máli að taka reynslu annarra alvarlega, jafnvel þótt við höfum ekki upplifað það sjálf.